

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þekkingarsetur Suðurnesja.

1. gr.

Þekkingarsetur Suðurnesja er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn, stofnuð í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Heimili og varnarþing er í Sandgerðisbæ. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnaðilar Þekkingarseturs Suðurnesja eru: Sandgerðisbær, kt.460269-4829, Grindavíkurbær, kt. 580169-1559, Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Sveitarfélagið Garður, kt. 570169-4329, Sveitarfélagið Vogar, kt. 670269-2649, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum, kt. 600169-2039, Náttúrustofa Reykjanes, kt. 450700-4520, Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, kt. 500507-0550.

Stofnfé Þekkingarseturs Suðurnesja var við stofnun kr. 1.000.000. Stofnfé er lagt fram af stofnaðilum.

3. gr.

Þekkingarsetur Suðurnesja starfar á þekkingargrunni Fræðaseturs Sandgerðisbæjar, Botndýrastöðvarinnar, Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Náttúrustofu Reykjanes. Starfsemi Þekkingarseturs Suðurnesja, frá og með 1. apríl 2012, tekur mið af markmiðum, hlutverki og skyldum allra stofnananna.

Markmið Þekkingarseturs Suðurnesja eru:

A. Rannsóknir og þróun.

1. að vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsakernda í náttúrufræðum og tengdum greinum á Suðurnesjum,
2. að hafa frumkvæði að rannsóknaverkefnum og rannsóknastarfi á Suðurnesjum,
3. að vinna með vísinda- og fræðimönnum, einstaklingum, rannsóknanemum í framhaldsnámi, stofnunum, fyrirtækjum og samtökum á Suðurnesjum,
4. að vera leiðandi afl í að byggja upp samstarf þeirra aðila er stunda rannsóknir á Suðurnesjum og stuðla að aukinni starfsemi rannsóknaraðila á svæðinu,
5. að taka virkan þátt í að móta öflugt nýsköpunarumhverfi og stuðla að fjölbreytni atvinnulífs og ferðaþjónustu á Suðurnesjum í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu,
6. að byggja upp samstarf og tengsl hagsmunaaðila innan íslensks rannsókn- og nýsköpunarumhverfis á landsbyggðinni,
7. að viðhalda og efla tengsl við erlenda vísindamenn og nema.

B. Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs.

1. að starfrækja háskólanámssetur í Sandgerði og eftir þörfum víðar á Suðurnesjum með tilheyrandi aðstöðu og búnaði,
2. að efla þjónustu á sviði háskólanáms og rannsóknastarfs,
3. að samþætta rannsóknir, fræðastarf, menntun og þróunarstarf og hagsmuni þeirra aðila sem koma að þessum málaflokkum,
4. að efla enn frekar tengsl við erlenda vísindamenn og nema með samstarfsverkefnum og/eða með því að bjóða upp á aðstöðu.

C. Símenntun og aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

1. að auka menntunarmöguleika á svæðinu í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS),
2. að bjóða upp á námskeið og/eða aðstöðu fyrir starfstengt nám með áherslu á sjávarlíffræði og fuglafræði,
3. að veita námsráðgjöf og stuðning við nema og fólk sem hyggur á háskólanám,

4. að vinna með fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum við mótun símenntunarstefnu þeirra og sérsniðinna námsleiða á sviði sjávarlíffræði og fuglafræði.

4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar sitja 5 menn og jafnmargir til vara, tilnefndir til tveggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu tilnefndir á ársfundi. Eftirtaldir aðilar tilnefna einn stjórnarmann hver: Sandgerðisbær einn, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar einn saman, Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum einn, Náttúrustofa Reykjanes einn og Keilir - miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs einn.

Falli stjórnarmaður úr stjórn af einhverjum ástæðum velur sá aðili sem hann tilnefndi annan í hans stað til stjórnarsetu frá og með næsta stjórnarfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum til tveggja ára í senn og kýs sér formann, varaformann og ritara. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók.

Stjórn Þekkingarsetursins fer með æðsta vald stofnunarinnar, mótar stefnu og starfstilhögun og vinnur að markmiðum stofnunarinnar skv. 3. gr. Stjórn ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar og setur henni reglur. Stjórnarfundi skulu boðaðir með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Stjórnarmaður vikur af fundi sé fjallað um málefni er varða hann persónulega. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að yfirfara reikninga stofnunarinnar. Stjórn hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verkefni.

5. gr.

Formaður stjórnar boðar til ársfundar með dagskrá með minnst 7 daga fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Á ársfundi skal stjórn leggja fram skýrslu um starfsemi ársins, ársreikning fyrir undangengið fjárhagsár ásamt áætlun um starfsemi komandi árs. Á ársfundi skal lýsa tilnefningum í stjórn og leggja fram reikninga síðasta árs ásamt ársskýrslu stjórnar.

6. gr.

Stjórnin ræður forstöðumann til starfa og ákvarðar um starf hans og kjör. Hann er talsmaður stofnunarinnar, annast daglegan rekstur, fer með stjórn fjármála stofnunarinnar og annast reikningsskil í umboði stjórnar. Forstöðumaður ber ábyrgð gagnvart stjórn. Hann vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar, öflun verkefna og fjár og því sem stjórnin ákvarðar hverju sinni. Hann ber ábyrgð á stefnumótun og þróun samstarfsverkefna ásamt því að hafa umsjón með og samþætta fræðslustarfsemi setursins. Forstöðumaður ræður starfsfólk í samráði við stjórn og situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Tekjur Þekkingarseturs Suðurnesja, auk vaxta af stofnframlagi, eru eftirfarandi: Opinber framlög, tekjur fyrir þjónustu og aðstöðu, framlög aðila samkvæmt samningum, framlög fyrirtækja og samtaka, tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi og aðrar sértekjur. Tekjum og eignum Þekkingarseturs Suðurnesja skal eingöngu varið í hverjum þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum þess sbr. 3. gr.

8. gr.

Ekki má veðsetja eignir stofnunarinnar nema að fengnu samþykki Sandgerðisbæjar. Ekki má binda eignir hennar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

9. gr.

Reikningsár Þekkingarseturs Suðurnesja er almanaksárið. Forstöðumaður skal fyrir 1. desember ár hvert leggja rekstraráætlun næsta árs fyrir stjórn til afgreiðslu. Hann skal sjá um að endurskoðaður ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir

næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að öðru leyti eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 2/3 hluta stjórnar enda sé fundur löglegur og boðaður með viku fyrirvara og tillaga um slíkt verið kynnt sérstaklega í fundarboði. Þekkingarsetur Suðurnesja verður aðeins lagt niður með ákvörðun 2/3 hluta stjórnar. Verði stofnunin lögð niður skal eigum hennar ráðstafað í Sandgerðisbæ með tilliti til markmiða hennar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari og skulu breytingar á henni einnig hljóta staðfestingu hans. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 2. júlí 2012.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.